

Viðtakandi: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir utanríkisráðherra

Sendandi: Stella Samúelsdóttir formaður Þróunarsamvinnunefndar

Dagsetning: 5. júní 2025

Efni: Fundur Þróunarsamvinnunefndar 30. maí 2025

Kæra Þorgerður Katrín,

Meginumræðuefni nefndarfólks á fyrsta fundi nýendurskipaðrar Þróunarsamvinnunefndar 30. maí sl. voru þær gríðarlegu áskoranir sem þróunarsamvinna og mannúðarstarf standa frammi fyrir vegna niðurskurðar á fjármunum til málaflokksins á heimsvísu. Einnig fóru fulltrúar ráðuneytisins vandlega yfir helstu verkefni ráðuneytisins í tvíhliða og marghliða þróunarsamvinnu og skiptingu fjármuna til málaflokksins. Efnistöð gáfu sérstaklega nýju nefndarfólki góða innsýn í helstu málaflökka sem snúa að þróunarsamvinnu og mannúð og þær áskoranir sem blasa við.

Tvennt bar hæst í umræðum nefndarfólks, í fyrsta stað ræddi nefndarfólk áhyggjur af neikvæðri umræðu sem er að skapast um þróunarmál, samhliða aukinni áherslu á frekari fjárstuðning til varnarmála. Mikilvægt er að hugsa þessa málaflökka, varnarmál og þróunarmál, sem hluta af sömu umræðu, þar sem þróunarsamvinna er veigamikill þáttur í að viðhalda friði og öryggi í heiminum. Nefndarfólk taldi þýðingarmikið að vera vakandi yfir þeirri neikvæðu orðræðu sem uppi er um þróunarmál, alþjóðakerfið og alþjóðastofnanir. Rætt var hvort og hvernig væri hægt að stíga hér inn til að tryggja gott upplýsingaflæði til almennings á jákvæðan og uppbyggilegan máta. Fulltrúar ráðuneytis nefndu nýjar áherslur sem þau eru að skoða og einnig var rætt um átakið þróunarsamvinna ber ávöxt sem fjallar um jákvæð áhrif þróunarsamvinnu.

Í annan stað var rætt um að í nýrri fjármálaáætlun 2025-2029 væri ekki gert ráð fyrir þeirri aukningu á framlögum til þróunarmála, sem samþykkt var þvert á flokka Alþingis í loks árs 2023, í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028. Mörg lýstu yfir áhyggjum af því að strax væri farið að draga í land með þær hækkanir sem búið var að samþykkja ásamt því að sú aukning sem þó verður fer til Úkraínu en ekki fátækustu ríkja heims eins og stefnan kveður á um. Það er þó sannarlega fagnaðarefni að ekki er um að ræða niðurskurð líkt og við sjáum gerast í löndum í kringum okkur, en augljóst er að hækkun framlaga verður mun hægari en samþykkt hafði verið.

Næsti fundur verður í haust þegar starfsáætlun Alþingis liggur fyrir. Okkur þætti vænt um að fá þig á þann fund til samtals um stöðu þróunar- og mannúðarmála við nefndarfólk.

Með kærum kveðjum,



Stella Samúelsdóttir

formaður þróunarsamvinnunefndar